

Selfossi, 29. mars 2022
2203366

Bæjarráð Árborga

Mjólnir - Vilyrði fyrir lóð í Mýrarhverfi

Á fundi skipulags- og byggingarnefndar Árborgar þann 7. mars 2018, var samþykkt að úthluta lóðinni Breiðamýri 3 til Mjólnis, vörubílstjórafélags. Gatnagerðargjöld voru greidd að hluta og munnlegt samkomulag um frest til uppbyggingar lóðarinnar var gert.

Fyrir mistök var lóðinni úthlutað að nýju fyrir skömmu. Gerð var óverulega breyting á deiliskipulagi og eru byggingarframkvæmdir hafðar á lóðinni.

Undirritaður átti fundi með vörubílstjórafélaginu Mjólni fyrir skemmstu. Var niðurstaða þess fundar að engir eftirmálar yrðu af áður greindri úthlutun, svo fremi sem að vörubílstjórafélaginu yrði tryggð önnur sambærileg lóð.

Því leggur undirritaður til við bæjarráð að Mjólni, vörubílstjórafélagi verði veitt vilyrði fyrir lóð í Mýrarhverfi, þar sem að nú þegar er hafin vinna við gerð deiliskipulags fyrir umrætt svæði, sjá meðfylgjandi uppdrátt. Nánari útfærsla lóðar þ.á.m. staðsetning, stærð og byggingarheimildir verði unnin í góðum samstarfi við félagið.

Virðingarfyllst,

Anton Kári Halldórsson
Skipulagsfulltrúi

Fylgiskjöl:

Yfirlitsmynd deiliskipulagssvæðis, Mýrarhverfi